

*Brjef landshöfðingja (til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík).*

Ráðgjafi konungs fyrir Ísland, hefur 2. dag f. mán. ritað mjer á þessa leið:

«Með þóknanlegu brjefi frá 27. nóvember f. á., hefur herra landshöfðinginn sent hingað erindi, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík, jafnframt því að athuga, að þjer, þá er þjer samþykktuð reglugjörð um brunamálefni Reykjavíkur kaupstaðar, er bæjarstjórnin hafði samið samkvæmt tilsk. 14. febr. 1874 9. gr., um ábyrgð fyrir eldsvoða m. m. í greindum kaupstað, hafði gjört breytingar nokkrar á reglugjörðinni, er að ætlun bæjarstjórnarinnar þurftu samþykkis hennar við — hefur fyrir hönd bæjarstjórnarinnar skotið því til úrlausnar ráðgjafans, hvort landshöfðingjanum yfir Íslandi með 9. grein tilskipunarinnar, er getið var, sje veitt vald til að gjöra án samþykkis bæjarstjórnarinnar breytingar á reglugjörð þeirri, er bæjarstjórnin hefur samið um brunamálefni.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir bæjarstjórninni tjáð, að með því að það sjálfsgagt stendur í valdi herra landshöfðingjans að synja samþykkis yðar til greindrar reglugjörðar, eða rjettara: að binda það því skilyrði, að í hana verði bælt, úr henni sleppt eða breytt einhverjum ákvörðunum, getið þjer að þessu leyti einnig án samþykkis bæjarstjórnarinnar gjört breytingar á sjerhverri reglugjörð, sem hún hefur samið og sent yður til þess, að þjer samþykkið hana. En skyldi bæjarstjórninni ekki þykja slíkar breytingar aðgengilegar, og ágreiningurinn ekki geta jafnazt með því að bera sig betur saman við herra landshöfðingjann, getur bæjarstjórninni ekki verið meinad að leita úrlausnar ráðgjafans um hin einstöku atriði».

Þetta leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að tjá bæjarstjórninni til þóknanlegrar leiðbeiningar.

*Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdöminu).*

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 4. desember f. á., skrifað mjer á þessa leið:

«Jafnframt því að senda beiðni, ásamt meðfylgjandi útskript úr þingbók Þingeyjar-sýslu, frá verzlunarstjóra Th. Guðjohansen á Húsavík um að mega fá endurborgað brennivinsgjald af 132¼ pottum af vínanda, sem fundust vanta á 3 keröld, er honum voru send með skipinu «Hjálmar» í maímánuði f. á., hefur herra landshöfðinginn, næst því að láta í ljósi, að með prófi því, sem hlutadeigandi sýslumaður hefur tekið um þetta, virðist eptir kringumstæðunum vera fengin nægjanleg sönnun fyrir því, að það, sem vantaði, hafi verið lekið burt, þegar skipið kom á Húsavík, og að beiðandanum eptir ætlun yðar, að engu leyti verði um það kennt, að hið opinbera ekki þegar, er skipið kom, ljet hafa það eptirlit með affermingunni, sem hefði getað gefið vissu í þessu tilliti — í þóknanlegu brjefi 22. sept. f. á. lagt það til, að hin umsókta endurborgun verði leyfð með 11 rd.

Út af þessu skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar þjónustusamlega tjáð, að þó ekki verði kannast við, að í þessu máli sje fengin fullnægjandi sönnun fyrir því, að lekinn hafi átt sjer stað, áður en skipið var affermt, nje heldur játað, að beiðandanum sje ekki um það að kenna, að þvilik sönnun eigi er fengin, með því hann, þar sem sýslumaðurinn við heimanferð sína hafði vanrækt að löggilda annan mann til að lita eptir affermingunni í sinn stað, ekki hefur farið eptir leiðbeiningu þeirri, sem gefin er í brjefi dómsmálastjórnarinnar frá 4. ágúst f. á., um áþekk atvik og þetta — hefur samt eptir málavöxtum virzt, að umsótt endurborgun geti átt sjer stað, samkvæmt tillögum herra landshöfðingjans».

*Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).*

Af útdráttum þeim úr vinfangagjaldabókum og af reikningsendurrítum þeim, sem hingað hafa